



Skóli Ísaks Jónssonar
Sjálfsseignarstofnun

Haustfundur skólaráðs Skóla Ísaks Jónssonar fimmtudaginn 13. október 2022 kl 08:40 í litla herbergi.

Dagskrá:

Mættir eru: Haukur Gunnarsson fulltrúi foreldra, Sigríður Anna Guðjónsdóttir skólastýra og Þóra Elísabet Kjeld fulltrúi kennara.

Skólaárið 2022-2023

1. Nýir fulltrúar
2. Hlutverk skólaráðs og starfsreglur
3. Jafnlaunavottun Skóla Ísaks Jónssonar
4. Starfsáætlun 2022
5. Framkvæmdir

1. Nýir fulltrúar

Sigríður Anna kynnir til leiks nýjan fulltrúa í skólaráði. Nýr fulltrúi foreldra er Haukur Gunnarsson en hann tekur við af Önnu Maríu Guðnadóttur og Harpa Helgadóttir hættir sem fulltrúi foreldra og verður fulltrúi grenndarsamfélagsins. Jakob Rolfsson fulltrúi foreldra er einnig nýr inn sem varamaður. Nýir fulltrúar nemenda eru: Alexandra Elísabet Stefaniúðóttir fulltrúi nemenda (8 ára EBH) og Jósef Ari Kristinsson fulltrúi nemenda (8 ára KF).

Skólaráð 2022:

Sigríður Anna Guðjónsdóttir skólastjóri
Þóra Elísabet Kjeld fulltrúi kennara
Matthías Guðmundsson fulltrúi kennara
Harpa Helgadóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins
Aldís Geirdal fulltrúi foreldra
Haukur Gunnarsson fulltrúi foreldra
Þröstur Gunnar Sigvaldason fulltrúi starfsfólks
Alexandra Elísabet Stefaniúðóttir fulltrúi nemenda (8 ára EBH)
Jósef Ari Kristinsson fulltrúi nemenda (8 ára KF)

Varamenn:

Hugrún Tanja Haraldsdóttir fulltrúi kennara
Jakob Rolfsson fulltrúi foreldra



Skóli Ísaks Jónssonar
Sjálfsseignarstofnun

2. Hluverk skólaráðs

2. gr. Verkefni.

Skólaráð tekur þátt í stefnumörkun fyrir skólann og mótun sérkenna hans í samræmi við stefnu sveitarfélags um skólahald.

Skólaráð:

- fjallar um skólanámskrá, rekstraráætlun, starfsáætlun og aðrar áætlanir um skólastarfið,
- fjallar um fyrirhugaðar meiriháttar breytingar á skólahaldi og starfsemi skóla og gefur umsögn áður en endanlegar ákvarðanir um þær eru teknar,
- tekur þátt í að móta stefnu og sérkenni skóla og tengsl hans við grenndarsamfélagið,
- fylgist með öryggi, húsnæði, aðstöðu, aðbúnaði og almennri velferð nemenda,
- fjallar um skólareglur, umgengnishætti í skólanum,
- fjallar um erindi frá skólanefnd sveitarfélags, foreldrafélagi, kennarafundi, almennum starfsmannafundi, nemendafélagi, einstaklingum, menntamálaráðuneyti, öðrum aðilum varðandi málefni sem talin eru upp í þessari málsgrein og veitir umsögn sé þess óskað,
- tekur þátt í öðrum verkefnum á vegum skólanefndar að fengnu samþykki sveitarstjórnar.

Skólaráð fjallar ekki um málefni einstakra nemenda, foreldra eða starfsfólks skóla.

Ákveðið er að funda 1 sinni í mánuði á skólatíma kl 08:40. Skólaráð ætlar að setja sér starfsáætlun til eins árs á næsta fundi ráðsins.

3. Jafnlaunavottun

Sigríður Anna fór aðeins yfir Jafnlaunavottunarferli skólans. Skólinn er í Jafnlaunavottunarferli sem verður lokið fyrir árslok.

4. Starfsáætlun 2022

Starfsáætlun skólans lögð fyrir fundinn. Eftir kynningu var hún samþykkt og umsögn skólaráðsins undirrituð.

5. Framkvæmdir

Það á að skipta um þak á gamla hluta skólans. Sigríður mun fara nánar yfir framkvæmdir á næsta fundi skólaráðs.



Skóli Ísaks Jónssonar
Sjálfsseignarstofnun

6. Fjármál

Stjórn skólans er skipuð fyrrverandi foreldrum við skólans ásamt einum starfsmanni við Ísaksskóla. Fjármál unnin í samvinnu við stjórn skólans og allt bókhald fært af bókara utanhúss. Endurskoðun reikninga skólans eru hjá Ernst & Young. Ásbjörn Björnsson hjá E&Y, löggiltur endurskoðandi, er endurskoðandi skólans.

7. Önnur mál

Tryggingarmál nemenda voru rædd örstutt og verða þau tekin fyrir á næsta fundi Skólaráðs.

Fundi slitið 09:45.